

Nd.

782. Breytingartillaga

[179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Eggert Þorsteinssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 7. gr. Fyrri másl. h-liðar í 4. tölul. orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, svo og dvalarkostnað manna, sem leita þurfa sér atvinnu utan heimilissveitar sinnar og hafa þrjá eða fleiri einstaklinga á framfæri sínu, og við ákvörðun þessa kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda.